

Nd.

171. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefir rætt þetta frv., sem borið er fram af stjórninni, á mörgum fundum, en ekki getað orðið á eitt mál sátt, og lætur nú minni hlutinn uppi álit sitt um það á þessa leið:

Dýrtíðaruppbót þeirri til starfsmanna ríkisins, sem ákveðin var með 33. gr. launalaganna nr. 71, 28. nóv. 1919, var sett ákveðið tímatakmark. Hún átti að gilda til ársloka 1925, því það mun hafa verið álit Alþingis 1919, að það væri það lengsta tímabil, er gera þyrfti ráð fyrir dýrtíðaruppbót vegna afleiðinga stríðsins. Reynslan hefir nú samt sýnt það fullkomlega, að ógerlegt er að afnema hana, því að einmitt á þessu yfirstandandi ári hefir uppbótin vaxið allverulega frá árinu á undan. Og þótt hún lækki eitthvað á næsta og næstu árum, meðal annars af hækkandi gengi íslenskrar krónu, þá er þó fyrirsjáanlegt, að dýrtíð, miðað við ástandið fyrir stríðið, muni halda áfram næstu 2 árin, og ef til vill lengur. Minni hlutinn verður því að lita svo á, að ógerlegt sje, eins og nú stendur, að láta dýrtíðaruppbótina falla úr gildi við næstu áramót.

Stjórnin leggur til í frv. sínu, að dýrtíðaruppbótin skuli gilda áfram þangað til hún verður afnumin með nýjum lögum. Þetta getur minni hlutinn ekki aðhýlst; hann vill hafa hana tímabundna áfram, þannig, að hún falli úr gildi, þegar tíminn er á enda, nema hún sje framlengd. Hve lengi hún skuli gilda áfram, getur verið álitamál. Það hefir orðið niðurstaðan hjá minni hlutanum, að framlengja hana um tvö ár, til ársloka 1927, og væntir minni hlutinn þess, að stjórnin noti þetta tímabil til þess að rannsaka, hvort ekki sje hægt að finna annan og heppilegri grundvöll fyrir uppbótinni, ef hennar skyldi þá enn þurfa við.

Eftir 33. gr. launalaganna var uppbótin hámarksbundin, þannig, að launin að viðbættri uppbót máttu ekki fara fram úr 9500 krónum; þó máttu samanlögð laun og dýrtíðaruppbót dómara í hæstarjetti nema 10500 krónum. Þetta hámark vill stjórnarfrv. afnema, en á það getur minni hlutinn alls ekki fallist. Sú uppbót mundi að visu að eins snerta fáeina æðstu embættismenn landsins og ekki nema mikilli upphæð, um 11000 kr., sje uppbótin talin 60%, en minni hl. þykir það óhæfilegt, að bæta eingöngu launakjör örfárra hæst launuðu embættismanna landsins, og telur það engan veginn geta samrýmst þeirri sparnaðarkröfu, sem gerð er til Alþingis af hálfu kjósenda. Þessi hækkada uppbót mundi og vafalaust draga dilk á eftir sjer, kröfu frá öðrum embættismönnum um bætt launakjör í einhverri mynd.

Það kom til tals í nefndinni, að bæta hinum lægst launuðu starfsmönnum ríkisins, er falla undir launalögin, upp laun þeirra með aukadýrtíðaruppbót. Það var í rauninni enginn ágreiningur um það í nefndinni, að þetta væri sanngjarnt, en þegar það við nánari eftirgrenslan kom í ljós, að jafnvel fremur hófleg uppbót, t. a. m. 400 kr. á 1000 kr. laun, og þar eftir lækkandi um 20% á hverjum 100 krónum, eða 300 krónur á 1500 kr. laun, 200 kr. á 2000 kr. laun o. s. frv., mundi nema um 40 þús. króna, þá treysti minni hl. sjer ekki til að fylgja fram svo hárrí upphæð, en er hinsvegar ekki ófús til að fylgja einhverri hæfilegri upphæð í þessu skyni, er stjórnin svo úthlutaði.

Samkvæmt framanskriðuðu leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Orðin »1. gr.« falli burt.
2. Í stað orðanna í 1. gr., sem verður ein gr., »þangað til öðruvisi verður með lögum ákveðið«, komi: til ársloka 1927.
3. 2. gr. falli burt.

Alþingi, 11. mars 1925.

Kl. Jónsson,
form. og frsm.

Sveinn Ólafsson.

Halldór Stefánsson.